

**60. fundur æskulýðs og íþróttanefndar
haldin í bæjarráðssal, miðvikudaginn 27. apríl 2016
og hófst hann kl. 17:30**

Fundinn sátu:

Magnús Ingi Bæringsson formaður, Gunnlaugur Smárason varaformaður, Guðmundur Helgi Þórsson varamaður, Agnes Helga Sigurðardóttir Tómsundarfulltrúi, Vignir Sveinsson Forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Fundargerð ritaði: Agnes Helga Sigurðardóttir

Dagskrá:

- Fjölskyldukort í sundlaug og annað tengt íþróttamiðstöð, Vignir Sveins mætir á fundinn.
 - Vignir hefur kannað málið í öðrum sundlaugum. Aðeins ein laug á landinu, Sundlaug Hafnafjarðar sem býður upp á fjölskyldukort.
 - Tillaga Vignirs: 24.000 krónur fyrir fjölskylduna fyrir 6 mánaða tímabil.
 - Vignir var ekki sanfærður um fjölskyldukortið muni virka hérna. Hagstæðara að kaupa 30 miða kort fyrir bæði fullorðna og börn.
 - Umræða um grundvöll fyrir því að reyna að samhæfa sundkort og rættarkort. Agnes og Vignir ætla að skoða það.
 - Tilvalið að kynna fjölskyldukorti í næstu hreyfivíku sem fyrirhuguð er 23.-29. Maí.
 - Rætt um aukningu ferðamanna í sundlaugina, séð fram á að það verði mikil aukning í sumar (samkv. Uppl. Frá forstöðumanni má búast við mikilli aukningu) því líklegt að vísa verði fólki frá sundlaug með tilheyrandi óánægju gesta og tekjutapi.
 - Nefndin telur orðið mjög brýnt að leysa klefamál og leyta verði allra leiða til að bæta ástandið að eitthverju leiti fyrir sumarið!!
 - Væri hægt að nýta þurrklássið betur? Bæta við skápum þar og endurskipuleggja búningaklefana. Vignir ætlað að skoða málið.
 - Gólfþvottavélin ónýtt, Vignir að kanna hvort hagstæðast sé að leigja vél. Mikill peningur farið í viðhald.
 - Heitir pottar orðnir lélegir og þarf að fara að endurnýja.
- Siðarreglur kjörinna fulltrúa í Stykkishólmsbæ kynntar.
 - Nefndin las þær yfir og samþykkir.
- Æskulýðs og íþróttamál sumarsins
 - Á döfinni er leikjanámskeið eins og boðið hefur verið upp á síðustu sumur en með breyttum áherslum.
 - Fyrir börn í 1.-4. bekk verður boðið upp á leikja- og íþróttanámskeið frá 08:00-14:00 allan júní og fyrir börn í 5.-7. bekk verður boðið upp á smíðjur og íþróttir eftir hádegi. Þetta er gert í samstarfi við Snæfell og á eftir að funda og útfæra það samstarf nánar. Það verður gert aðra vikuna í maí.
 - Einnig verður í boði skólagarðar sem planta á, milli Borgarbrautar og Borgarhlíðar. Sú staðsetning var ákveðin í samráði við Sigurbjart byggingarfulltrúa, þar sem það ætti veðurfar að vera ágætt til ræktunar sem og að þar liggur vatnslögn sem auðvelt er að tengja við krana svo hægt sé að vökva.
 - Sú undirbúningsvinna verður unnin að mestu af Högna og starfsfólki áhaldahúss í samstarfi við tómsundarfulltrúa og byggingarfulltrúa.

Næsti fundur fyrirhugaður þriðjudaginn 10. Maí kl 18:00 þar sem farið verður yfir helstu niðurstöðu opins fundar um stefnumótun í æskulýðs og íþróttamálum sem haldinn var fyrir páska.

Fundi slitið kl. 19:00